Nemendalýðræði í Víðistaðaskóla 2021-2022

Í Víðistaðaskóla er unnið í anda nemendalýðræðis á öllum stigum skólans og í tómstundastarfinu. Árlega eru haldin lýðræðisþing á öllum stigum skólans og er einnig lýðræðisnefnd með fulltrúum úr hverjum árgangi sem undirbýr þingið árlega og vinnur úr hugmyndum sem koma fram. Nemendur velja viðfangsefni ár hvert.

Markmið verkefnisins:

· var að rödd nemenda myndi heyrast og að skoðanir þeirra skipti máli.

· Undirbúa nemendur undir líf í lýðræðisþjóðfélagi með því að vera og starfa í lýðræðissamfélagi í skólanum.

Þetta eru fyrstu skrefin í okkar sýn og samvinnu varðandi nemendalýðræði.

Árið 2021-2022 voru viðfangsefnin eftirfarandi:

Yngsta stig umræðuefni:

- Hvernig getum við látið öllum líða vel í skólanum og átt góð samskipti? Hvers vegna höfum við skólareglur? Hvað myndi gerast ef við hefðum engar skólareglur?
- Hvernig viljum við hafa skólalóðina okkar? Hvaða hugmyndir getum við komið með til að bæta leiksvæðin okkar á skólalóðinni, (leiktæki, svæði, mála, útidót og fleira)?

Miðstig umræðuefni:

- Í Víðistaðaskóla er fjölbreyttur nemendahópur og viljum að allir fái að njóta sín. Við viljum leggja áherslu á að eiga góð samskipti í skólanum og að öllum geti liðið vel. Við viljum vera upplýst og minnka fordóma. Hvernig fræðslu finnst ykkur þið þurfa að fá? Hvað getum við gert til að bæta samskiptin í skólanum?
- Við viljum fá góðan undirbúning fyrir framtíðina. Hvernig langar okkur að hafa námið í skólanum? Við viljum hafa fjölbreytta kennslu t.d. val.
- Hvers vegna höfum við heimanám? Hvað er mikilvægt við heimanám? Hverjir eru kostir heimanáms og hverjir eru ókostir heimanáms?

Unglingastig umræðuefni:

- Í Víðistaðaskóla er fjölbreyttur nemendahópur og viljum að allir fái að njóta sín. Við viljum leggja áherslu á að eiga góð samskipti í skólanum og að öllum geti liðið vel. Við viljum vera upplýst og minnka fordóma. Hvernig fræðslu finnst ykkur þið þurfa að fá? Hvað getum við gert til að bæta samskiptin í skólanum?

- Víðistaðaskóli er umhverfisvænn skóli og viljum víð leggja okkar af mörkum í loftlags- og umhverfismálum. Hvað getum við gert meira í umhverfismálum í skólanum? Komið með hugmyndir að verkefnum sem við getum unnið að í vetur? Útskýrið vel hugmyndir ykkar.

- Hvernig langar okkur að hafa félagsstarfið okkar í Víðistaðaskóla. Hvaða hugmyndir hafið þið um gott og fjölbreytt félagsstarf?

Að loknu þingi vinna lýðræðisnefndirnar úr efni sem kemur fram á þingunum og kynna niðurstöður á vorönninni. Þessi vinna er umfangsmikil og getu tekið tíma en er ótrúlega gefandi og skemmtileg.